

10. desember 2025

Fréttabréf Hrafnagilsskóla



Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!


Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þótt ótrúlegt megi virðast þá eru jólin á næsta leiti og nýtt ár handan við hornið. Á aðventunni er mikilvægt að börn upplifi rólegheit og hefðbundna dagskrá og höfum við í skólanum lagt okkur fram um að halda skipulagðri stundaskrá með vel völdum uppbrotsdögum.

Í Hrafnagilsskóla eru margar hefðir enda er hann rótgróinn skóli. Í kringum jólin eru þær nokkrar þó sumar hafi þróast í tímans rás. Nemendur á unglingastigi verða með hátíðarkvöldverð og litlu-jólin sín í matsalnum að kvöldi 18. desember. Löng hefð er fyrir þessum hátíðarkvöldverði en nemendur undirbúa kvöldið, skreyta salinn, búa til borðskraut, æfa skemmtiatriði og þjóna til borðs. Nemendur á unglingastigi eiga þarna notalega og hátíðlega stund með starfsfólki skólans.

Síðasta kennsludag fyrir jól, föstudaginn 19. desember, eru litlu-jól nemenda í 1. - 7. bekk. Þann dag mæta nemendur kl. 10:00 í heimastofur og fara með umsjónarkennara sínum í íþróttahúsið. Þar verður dansað í kringum jólatré, sungin jólalög og aldrei að vita nema háværir gestir láti sjá sig. Nemendur í 3. bekk flytja jólaleikrit sem byggir á trúarhefðum í kringum jól og að stundinni lokinni fara nemendur í heimastofur þar sem þeir eiga notalega stund sem umsjónarkennari stýrir. Nemendur fara heim þennan dag kl. 12:00 og eru þá komnir í jólafrí. Frístund er lokuð þennan dag og opnar aftur þegar skóli hefst að nýju mánudaginn 5. janúar 2026.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og þökkum fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.



List- og verkgreinar

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að megintilgangur með list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft og ólíkar tjáningarleiðir. Í list- og verkgreinum fá nemendur tækifæri til að skapa hluti, vinna með tákn, tóna, matarmenningu og líkamann. Þótt ýmislegt tengi list- og verkgreinar saman er einnig margt sem greinir þær að. Það sem sameinar er áhersla á verkunnáttu, sköpun, fagurfræði, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Hins vegar er um ólíka miðla og aðferðir að ræða eftir greinum og því ólíkar nálganir og mismiklar áherslur á framantalda þætti.

Í Hrafnagilsskóla er rík hefð fyrir list- og verkgreinakennslu og lögð er áhersla á að allir nemendur fái tækifæri til þess að efla sig í list- og verknámi. Reynslan hefur sýnt að nemendur njóta þessara kennslustunda og oft eru list- og verkgreinar hluti af því skemmtilegasta sem nemendur fást við í skólanum.

Ástundun

Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á því að tilkynna um veikindi barna sinna og einnig að óska eftir leyfi úr skóla. Hægt er að tilkynna veikindi á Mentor en einnig er hægt að hringja í skólann eða senda tölvupóst á hrafnagilsskoli@krummi.is. Ef óskað er eftir leyfi gilda sömu boðleiðir nema ekki er hægt að sækja um leyfi á Mentor. Ef gleymist að tilkynna um forföll skrá kennarar fjarvist en ef ekki er um fjarvist að ræða er mikilvægt að hafa samband við skólann og þá verður viðkomandi færsla leiðrétt. Á hverjum föstudegi sendir skólinn frá sér yfirlit yfir ástundun nemenda og mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn fylgist með þessum skráningum.



Skólaakstur

Við viljum minna á mikilvægi þess að láta skólabílstjóra vita ef börn ykkar fara ekki með skólabíl. Eins viljum við árétta að foreldrar þeirra barna sem eiga tvö heimili láti bílstjórana vita um skipulag. Símanúmer bílstjóra eru á akstursáætlun sem finna má á heimasíðu skólans.

Hnetulaus skóli

Hrafnagilsskóli er hnetulaus skóli og mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um það. Hægt er að heyra í skólahjúkrunarfræðingi og stjórnendum skólans til að fá frekari upplýsingar.

Skólaliðar

Skólaliðar eru mikilvægir starfsmenn Hrafnagilsskóla og eru þátttakendur í uppeldisstarfi í skólanum. Við erum svo heppin að hafa í okkar röðum skólaliða sem eru færir í mannlegum samskiptum, jákvæðir, traustir og sem krökkunum finnst gott að leita til. Skólaliðar sjá m.a. um móttöku nemenda að morgni, frímínútnagæslu innan- og utanhúss, gæslu á göngum, í matsal og sjá einnig um almenn þrif á skólahúsnæðinu.

Skólaliðar í vetur eru: Anna Helga Tryggvadóttir, Aríel Uni Einvarðsson, Arnór Gauti Kristinsson, Gabriel Lukas Freitas Meira, Marta Þórudóttir og Tinna Sigurgeirsdóttir.

Á döfinni:

12. desember - jólagleðidagur. Nemendur og starfsfólk skreyta sig með einhverju jólalegu.

18. desember - möndlugrautur í hádeginu, möndlugjöf er í öllum bekkjum.

18. desember - litlu-jólin og hátíðarkvöldverður hjá nemendum á unglingastigi kl. 19:00.

19. desember - litlu-jólin kl. 10:00 - 12:00 hjá nemendum í 1. - 7. bekk.

5. janúar - skóli hefst kl. 8:15 samkvæmt stundaskrá.

23. janúar - árshátíð unglingastigs.

2. febrúar - starfsdagur.

3. - 4. febrúar - foreldrasamtöl.



Dyggð desembermánaðar er þakklæti.

Með jólakveðju,
Ása og Björk



Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskur.